

# FRÉTTABRÉF FORELDRAFÉLAGSINS

## Haust 2019

### Átburðir á vegum foreldrafélagsins haustið 2019

Fimmtudaginn **5. desember**: Piparkökumálun. Hér er einnig tekið á mótum pökkum fyrir Mæðrastyrksnefnd.

Föstudaginn **13. desember**: Leikhópurinn Vinir sýna börnunum jólaleikritið Strákurinn sem týndi jóluunum.

Fimmtudaginn **19. desember**: Litlu jólin á Núpi.

Heyrst hefur að jólasveinar muni mæta á svæðið, skemmta börnunum og gefa þeim lítinn pakka.



### Pakkar til Mæðrastyrksnefndar

Á Núpi hefur það tíðkast að þeir sem vilja og geta, gefa mæðrastyrksnefnd Kópavogs pakka fyrir jólin. Þannig kennum við börnunum okkar að vera þakklát fyrir það sem við höfum, finna til með öðrum, gefa af okkur og í leiðinni styrkjum við gott málefni.

Pakkana má koma með í piparkökumálunina þann 5.

desember. Börnin á elstu deildunum fara með pakkana til mæðrastyrksnefndar Kópavogs sem kemur svo pökkunum áfram. Munið að merkja pakkana „strákur“ eða „stelpa“ og þann „aldur“ sem gjöfin hentar best fyrir.



## Á döfinni á vorið 2020

Eftirfarandi viðburðir hafa verið skipulagðir af foreldrafélaginu á vorönn. Fleiri viðburðir eru í burðarliðnum.

- Fimleikafjör í fimleikasal Fylkis þann **12. janúar**
- Eiríkur Ingi ljósmyndari tekur myndir af börnunum í mars
- Verið að skoða fræðslukvöld fyrir foreldra
- Sívinsæla og stórskemmtilega Dagný danskennari kennir börnunum dans í 3 vikur í maí
- Stefnt að vorhátíð í Guðmundarlundi í stað sveitaferðar

FUN!FUN!FUN!

## Félagsgjöld

Greiðsluseðill var sendur í heimabanka foreldra með eindaga 10.11.2019. Félagsgjöldin í ár eru 5.900 kr. Við hvetjum alla til að greiða félagsgjöldin, en þau eru forsenda þess að foreldrafélagið geti staðið fyrir ýmsum upptækum fyrir börnin.



## **Aðalfundur foreldrafélagsins 2019**

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 2. október. Kosið var í stjórn fyrir skólaárið 2019-2020 og farið yfir atburði á vegum foreldrafélagsins síðast liðið skólaár. Við þökkum þeim sem sáu sér fært að mæta og leggja hönd á plóg.

Í stjórn foreldrafélags Núps skólaárið 2019-2020 sitja:

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir – meðstjórnandi

Auður Böðvarsdóttir – ritari

Engilræð Ósk Einarsdóttir – meðstjórnandi

Ester Ósk Gunnarsdóttir – meðstjórnandi

Halldóra Brynjólfssdóttir – formaður

Kristín Fanney Þorgrímsdóttir – gjaldkeri

Magðalena S. Kristjánsdóttir – meðstjórnandi

Tinna Finnsdóttir – meðstjórnandi

Fulltrúi kennara er Áslaug Pálsdóttir

Skoðurnarmaður reikninga er Þórhalla Rein Aðalgeirsdóttir

Við hvetjum alla foreldra sem hafa góðar **hugmyndir** eða **ábendingar** að hafa samband við foreldrafélagið á [foreldrafelagnups@gmail.com](mailto:foreldrafelagnups@gmail.com)